



Tilgangurinn með skýrslunni „Auðlindin Ísland - ferðapjónustusvæði“ er að skapa umræður sem nýst gætu við uppbyggingu starfsgreinarinnar á komandi árum.

## „Ísland sækjum það heim“ heldur áfram

Í framhaldi af áttakinu „Ísland sækjum það heim“ var ákveðið að leggja fram 10 milljónir króna til viðbótar til að hvetja Íslendinga til ferðalaga innanlands yfir vetrartímann.

Auglýst var eftir samstarfi við fyrirtæki í ferðapjónustu og bárust umsóknir frá 23 aðilum með margvísleg verkefni. Gengið var til samstarfs við 19 aðila og leggur hver um sig að lágmarki fram sömu upphæð og nemur framlagi Ferðamálaráðs í hverju tilfelli. Því er um afar öflugla markaðssetningu að ræða og væntir Ferðamálaráð mikils af þessu samstarfi.

Ferðamálaráðstefnan 2002 í Stykkishólmi, 17.-18. október:

## Auðlindin Ísland - ferðapjónustusvæði

Meginumfjöllunarefni árlegrar ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs Íslands að þessu sinni verður þróun og framtíð einstakra landsvæða í ferðapjónustu á Íslandi. Til grundvallar er lögð nýútkomin skýrsla sem unnin var um þetta efni og ber hún yfirskriftina „Auðlindin Ísland - ferðapjónustusvæði.“

Upphaf málsins má rekja til aðalfundar Samtaka ferðapjónustunnar í apríl 2001. Þar setti ráðherra ferðamála, Sturla Böðvarsson, fram þá hugmynd að nauðsynlegt væri að kortleggja auðlindina Ísland, meta svæðisbundið helstu vaxtarmöguleika í ferðapjónustu og móta framtíðarsýn sem hafa mætti hliðsjón af við uppbyggingu starfsgreinarinnar á komandi árum. Skrifstofu Ferðamálaráðs var síðan falin umsjá málsins. Valtýr Sigurbjarnarson, landfræðingur, var ráðinn til að annast verkefnið og hefur að mestu séð um úrvinnslu þeirra upplýsinga sem aflað var sem og gerð skýrslunnar. Elías Bj. Gíslason, forstöðumaður skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri, skipulagði þá fundi sem haldnir voru og hafði umsjón með verkinu. Til að tryggja framgangi þess var ákveðið að skoða stöðuna og leggja

fram tillögur um aðgerðir til að efla ferðapjónustu á tilteknum svæðum. Með það að markmiði að fá fram sem fjölbreyttast sjónarmið héldu þeir félagar 31 fund með heimamönnum og forsvarsmönnum ferðapjónustufyrirtækja um allt land og eru niðurstöður þeirra funda notaðar til stuðnings við gerð skýrslunnar.

### Markmiðið að skapa umræður

Elías segir vert að leggja á það áherslu að

þær hugmyndir og tillögur sem settar eru fram í skýrslunni beri ekki að skoða sem hinn endanlega stóra sannleik. Þær séu fyrst og fremst hugsaðar til þess að skapa umræður og til frekari úrvinnslu.

Benda má á að skýrslan er aðgengileg á samskiptavef Ferðamálaráðs, [www.ferdamalarad.is](http://www.ferdamalarad.is), undir liðnum Útgáfa>Kannanir/skýrslur

## Íslandsbæklingur 2003 senn tilbúinn

Hinn árlegi Íslandsbæklingur Ferðamálaráðs er mikilvægur liður í markaðssetningu Íslands sem ferðamannalands. Íslandsbæklingurinn fyrir árið 2003 er nú á lokastigi og verður tilbúinn til dreifingar í nóvember.

Sem fyrr er bæklingurinn gefinn út á 10 tungumálum; ensku, þýsku, dönsku, sænsku, norsku, finnsku, hollensku, frönsku, ítölsku og spænsku auk

sérútgáfu fyrir Bandaríkja- og Kanadamarkað. Upplag bæklingssins er 350 þúsund eintök.

Honum er dreift á viðkomandi markaðs-svæðum og á ferðasýningum og auk þess til íslenskra sendiráða og ræðismanna víðsvegar um heim.



## Skrifstofur Ferðamálaráðs

Lækjargata 3 - 101 Reykjavík  
Sími: 535-5500 - Fax: 535-5501  
Netfang: [info@icetourist.is](mailto:info@icetourist.is)  
<http://www.icetourist.is>

Strandgata 29 - 600 Akureyri  
Sími: 461-2915 - Fax: 461-2729  
Netfang: [info@icetourist.is](mailto:info@icetourist.is)  
Netfang: [upplýsingar@icetourist.is](mailto:upplýsingar@icetourist.is)  
<http://www.icetourist.is>

### Pýskaland:

Isländisches Fremdenverkehrsamt  
City Center- Frankfurter Str. 181  
D-63263 Neu-Isenburg 1  
Sími: +49 6102 254 388 - Fax: +49 6102 254 570  
Netfang: [germany@icetourist.is](mailto:germany@icetourist.is)  
Netfang: [info@icetourist.is](mailto:info@icetourist.is)  
<http://www.icetourist.is/>

### Bandaríkin:

Icelandic Tourist Board  
655 Third Avenue - New York, N.Y. 10017  
Sími: +1 212 885-9700 - Fax: +1 212 885-9710  
Netfang: [usa@icetourist.is](mailto:usa@icetourist.is)  
<http://www.icelandtouristboard.com/>

## Rétt viðbrögð á réttum tíma

Fyrir nákvæmlega einu ári var á ferðamála-ráðstefnu rætt um hugsanleg áhrif samdráttar í ferðaþjónustu á þjóðarbúið í heild ef ekkert yrði að gert. Þar nefndi undirritaður að án aðgerða stjórnvalda og fyrirtækja gætum við verið að horfa til milljarða samdráttar í gjaldeyristekjum á árinu 2002 miðað við árið 2001. Nú réttu ári seinna er niðurstaðan sú að miðað við upplýsingar Seðlabankans um gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu þá eru vonir bundnar við að árið 2002 skili þjóðarbuinu hliðstæðum tekjum og 2001, eða nær 40 milljörðum króna.

Þetta er að mínu mati fyrst og fremst árangur af réttum viðbrögðum á réttum tíma. Mörg fyrirtæki í greininni brugðust strax við vandanum með hagræðingu en jafnframt með auknum krafti í öllum kynningarmálum. Þar fóru Flugleiðir fremst í flokki. Samgönguráðherra beitti sér strax fyrir því að stjórnvöld fjórfölduðu það fjármagn, sem áætlað var til markaðsmála af hálfu hins opinbera á árinu 2002. Þannig að í stað áætlaðra 50 milljóna varð upphæðin 200 milljónir. Mestur hluti þess var nýttur á erlendum mörkuðum en einnig var lagt í sérstak átak á innlendum markaði. Þessi

skjótu viðbrögð samgönguráðherra, Flugleiða og annarra fyrirtækja í ferðaþjónustu skiptu að mínu mati sköpum í því að svo virðist sem tekist hafi að verja þá stöðu sem greinin hafði fyrir atburðina 11. september 2001.

Ljóst er að einhver fækkun hefur orðið í fjölda erlendra gesta á þessu ári miðað við 2001 og er það í samræmi við minnkandi framboð flugsæta til og frá landinu. En gera má því skóna að fækkunin sé í þeim hópi farþega sem hér á stutta viðdvöl á leið milli Evrópu og Ameríku. Það sem styður þessa kenningu um svo breytta samsetningu hópsins sem sækir okkur heim er að það takmark virðist vera að nást á árinu að ekki verði um samdrátt í heildartekjum að ræða né í gistinóttum og virðast þessar breyttu áherslur einnig vera að skapa forsendur til aukinnar arðsemi í greininni, sem er auðvitað öllum mikilvægast.

*Magnús Oddsson, ferðamálastjóri*



*Magnús Oddsson.*

## Eigum velgengni að fagna á Bretlandsmarkaði

- segir Sigrún Hlín Sigurðardóttir, markaðsfulltrúi

Um síðustu áramót tók Sigrún Hlín Sigurðardóttir við stöðu markaðsfulltrúa Ferðamálaráðs Íslands á Bretlandsmarkaði en þá rann úr gildi samningur við Flugleiðir í London um að sinna markaðsmálum fyrir hönd Ferðamálaráðs. Sigrún Hlín er staðsett á skrifstofu Ferðamálaráðs í Reykjavík og stýrir markaðsstarfinu fyrir Bretland þaðan.

„Það var ákveðið að gera tilraun með þetta fyrirkomulag. Staðsetningin skapar í raun engin sérstök vandamál þar sem samgöngur við Bretland eru mjög góðar. Þangað er flogið 15 sinnum í viku yfir sumartímann og 11 sinnum í viku á veturna, segir Sigrún aðspurð um reynsluna.

### Í mörg horn að líta

Sigrún segir að hún sé búin að heimsækja stærstu ferðaskrifstofurnar sem eru að selja ferðir til Íslands en nauðsynlegt sé að efla og tryggja þau viðskiptasambönd sem fyrir eru og leita nýrra. „Þá liggur talsverð vinna í samskiptum við blaðamenn og aðstoð við þá. Nú nýlega lauk t.d. mjög vel heppnaðri heimsókn sex fjölmiðlamanna frá Bretlandi sem við stóðum fyrir ferðinni. Þessa dagana

er ég að undirbúa þátttöku okkar í „World Travel Market“, sem haldin er um miðbik



*Sigrún Hlín Sigurðardóttir (til hægri) ræðir við Helga Mía Björgvínsson, nýráðinn markaðs- og sölustjóra Flugleiða í Bretlandi, á Vestnorden ferðakaupstefnu sem haldin var á Akureyri í september sl.*

nóvembermánaðar ár hvert. Þessu fylgir ótrúleg pappírsvinna.

Síðast en ekki síst vil ég minnst á dreifingu á Íslandsbæklingum en samningur var gerður við fyrirtæki sem dreifir honum vítt og breitt. Þá var opnuð sérstök bæklinga-

lína þar sem fólk hringir inn skilur eftir nafn og heimilisfang og fær þá bæklinginn sendan heim sér að kostnaðarlausu.“

### Mikill Íslandsáhugi í Bretlandi

Sem fyrr segir eru góðar flugsamgöngur við Bretland sem gerir Bretlandsmarkað þar af leiðandi afar mikilvægan fyrir íslenska ferðaþjónustu. Þar er einnig að sögn Sigrúnar mikill áhugi á Íslandi. „Unga fólkinu því finnst Ísland „cool and trendy“. Það hefur ekki skaðað að Björk er Íslendingur og allir þar í landi vita hver hún er. Það þykir flott að hafa farið í „short break“ til Íslands. Flestar bresku ferðaskrifstofurnar sem selja Íslandsferðir eru bæði með lengri ferðir yfir sumartímann og selja einnig stuttar ferðir. Borgarferðirnar eru í gangi allt árið og því eru Bretar mjög duglegir við að koma til Íslands utan háannatímans, sem eykur enn á mikilvægi Bretlandsmarkaðar.“

Sigrún segir ljóst að halda þurfi mjög vel utan um þennan markað. „Við eigum velgengni að fagna í augnablikinu, en þurfum að sjálfsögðu að halda vöku okkar til að tryggja þann árangur sem hefur þegar náðst og sækja fram.“

## Ferðasýningar í farvatninu

Á næstu mánuðum mun Ferðamálaráð taka þátt í þremur stórum ferðasýningum og býðst íslenskum ferðaþjónustuaðilum að fá aðstöðu í bás ráðsins. Þessar sýningar eru World Travel Market (WTM) í London 11.-14. nóvember nk. (pláss í sýningarbás er uppselt), International Tourism - Börse (ITB) í Berlín, 7.-11. mars 2003 og Swedish International Travel & Tourism Fair (TUR) í Gautaborg, 20.-23. mars.

Á tveimur fyrrnefndu sýningunum eru

Norðurlöndin með sameiginlegt sýningarsvæði en innan þess er hvert land með sérstakan bás. Á TUR í Gautaborg er Ísland hins vegar sér á báti. Ferðaþjónustufyrirtæki geta bókað aðstöðu í íslenska básnum gegn föstu gjaldi og er rúm fyrir 10-15 fyrirtæki á hverri sýningu.

Þátttökufrestur fyrir WTM er útrunninn en enn er möguleiki að komast á hinar tvær.



Bás Ferðamálaráðs á Vestnorden ferðakaupstefnunni á Akureyri í síðasta mánuði.

Frestur til að sækja um þátttöku á ITB rennur út 1. desember og 13. desember fyrir TUR. „Við sjáum um að útbúa básana og skapa mönnum aðstöðu til að hitta viðskiptavinum sína. Síðan er undir hverjum og einum komið að nýta tækifærið sem best,“ segir Tómas Þór Tómasson, markaðsstjóri Ferðamálaráðs.

### NOW í maí

Næsta vor, nánar tiltekið 12.-13. maí, verður Nordic Overseas Workshop (NOW) haldið í Reykjavík. Um er að ræða samstarfsverkefni norrænu ferðamálaráðanna og flugfélaganna Flugleiða og SAS og er þetta 5. NOW-kaupstefnan. „Tilgangurinn er að leiða saman ferðaþjónustuaðila á Norðurlöndum og ferðaskipuleggjendur frá fjarlægum mörkuðum í Norður- og Suður-Ameríku, Asíu og Eyjaálfu. Markmiðið er þannig að stuðla að auknum ferðamannastraumi frá fjarlægum heimshornum til Norðurlandanna. Á undanförunum NOW-stefnum hefur fjöldi kaupenda verið á bilinu 80-120. Á NOW er aðeins boðið viðurkenndum kaupendum frá sterkustu mörkuðunum og mest er lagt upp úr aðilum frá Bandaríkjunum, Japan, Taiwan, Kína, Suður-Kóreu, Singapore, Ástralíu og stærstu ríkjum Suður-Ameríku,“ segir Tómas. Nánari upplýsingar munu liggja fyrir seinna í haust.

## Þolmarkarannsóknunum miðar vel

Nú er vel á veg komið að vinna úr niðurstöðum rannsókna sem Ferðamálaráð, í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, lét gera á þolmörkum ferðamennsku fimm vinsælla ferðamannastaða. Staðirnir eru Skaftafell, Lónsöræfi, Landmannalaugar, Mývatns-sveit og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum. Verkefnið er styrt af Rannís.

Að sögn Bergþóru Aradóttur, verkefnastjóra rannsókna hjá Ferðamálaráði, eru þolmörk ferðamennsku skilgreind sem sá hámarksfjöldi ferðamanna sem getur ferðast um svæði án þess að það leiði af sér óviðunandi hnignun á umhverfinu eða upplifun ferðamanna og íbúa svæðisins. Áherslur þolmarkarannsókna miða þó ekki að því að finna eina rétta tölu um æskilegan fjölda ferðamanna á ferðamannastað heldur ákvarða mörk ásættanlegra og óásættanlegra breytinga sem verða á ferðamannastað vegna ferðamennsku.

### Tæki til stefnumörkunar

„Rannsóknir sem þessar eru nauðsynlegar til þess að átta sig á með hvaða hætti ferðamennska þróast á tilteknum stað. Ef áhrif

ferðamennsku verða óásættanleg á náttúrulegt og manngert umhverfi, heimamenn og ferðamenn má álykta að einum eða fleiri þáttum þolmarka sé náð. Svo hægt sé að meta hvort áhrifin séu óásættanleg er nauðsynlegt að hafa skilgreind viðmið sem hægt er að horfa til. Allir sem koma að stefnumótun ferðamannastaðarins, svo sem ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar, geta í ljósi niðurstaðna rannsókna sem þessara mótað þessi viðmið, þ.e. hvernig viljum við sjá ferðamannastaðinn í framtíðinni? Þannig er hægt að koma í veg fyrir að umhverfi ferðamannastaða, bæði náttúrulegt og manngert, láti á sjá heldur taki breytingum sem eru í sátt við þarfir og óskir bæði ferðamanna og heimamanna.“

### Umfangsmikil úrvinnsla

Sem fyrr segir voru fimm vinsælir ferðamannastaðir teknir fyrir og er úrvinnsla mislangt komin. Búið er að vinna úr niðurstöðum fyrir þjóðgarðinn í Skaftafelli og voru þær gefnar út í skýrslu sl. vor. Hana er hægt að skoða inn á [www.ferdamalarad.is](http://www.ferdamalarad.is). Rannsóknarskýrsla fyrir Lónsöræfi er á lokastigi og hinar munu fylgja í kjölfarið.

## Starfsemi upplýsingamiðstöðva samræmd

Frá því á árinu 2000 hefur á vegum Ferðamálaráðs verið unnið markvisst að uppbyggingu og samræmingu á starfsemi upplýsingamiðstöðva fyrir ferðamenn. Pétur Rafnsson, verkefnastjóri hjá Ferðamálaráði, segir verulegan árangur hafa náðst í þessum efnum og vonir standa til að innan ekki langs tíma verði hægt að útfæra eitt samræmt kerfi fyrir allar upplýsingamiðstöðvar landsins.

Ferðamálaráð hefur nú gert samstarfssamninga við 7 landslutamiðstöðvar og landamærastöðina í Leifsstöð þar sem ríkið kemur að rekstrinum. Í þessum samningum er kveðið á um ýmis atriði er lúta að rekstri miðstöðvanna og þær verða að uppfylla.

Má þar nefna kröfur um ákveðinn opnunartíma allt árið, menntun og þekkingu starfsfólks, útlit og innra skipulag o.fl.

Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna á landinu öllu eru auðvitað mun fleiri en landshlutamiðstöðvarnar sem ríkið styrkir, eða á bilinu 40-45, og eru þær flestar reknar af sveitarfélögum. „Starf okkar síðustu misserin hefur einkum snúð að því að búa til eitt heildarkerfi fyrir þessar miðstöðvar með landshlutamiðstöðvarnar sem nokkurs konar grunneiningar. Verkefnið hefur verið þróað á Suðurlandi þar sem landshlutamiðstöðin er í Hveragerði. Að mínu mati hefur tekist vel til þannig að framhaldið lofar góðu,“ segir Pétur.

*Sturla Böðvarsson hefur haft í mörg horn að lita á þeim tíma sem liðinn er frá því að hann tók við embætti samgönguráðherra fyrir tæpum þremur og hálfu ári. Þetta kom berlega í ljós þegar sest var niður með ráðherranum á skrifstofu hans í Hafnarhúsinu nú á dögnum, til að lita yfir það sem hæst hefur borið hjá honum og samstarfsfólki hans í ráðuneytinu á sviði ferðamála síðustu misserin.*

Sturla segir þessi þrjú og hálf ár hafa í senn verið viðburðarík og afar lærdómsrík. „Ferðaþjónustan hefur auðvitað eins og allir vita verið í stöðugum og miklum vexti undanfarin ár, sama hvernig á það er litið. Gjaldeyrstekjurnar eru gjarnan sú viðmiðun sem við horfum til þegar við metum þátt

leikin og ég tel hafa þokast vel fram á veginn nefni ég að lagt hefur verið á ráðin um eflingu heilsutengdrar og menningartengdrar ferðaþjónustu. Ég veit síðan að innan ferðaþjónustunnar starfar kjarkmikið og dugandi fólk sem getur hrundið í framkvæmd þeim hugmyndum sem fram hafa



Sturla Böðvarsson.

# Ferðaþjónustan dafni um allt land

- rætt við Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra

einstakra atvinnugreina í þjóðarbúskapnum og út frá þeim ætti enginn að efast um mikilvægi ferðaþjónustunnar. Gjaldeyrstekjur af henni hafa vaxið hröðum skrefum og virðist ekkert lát á samkvæmt nýjustu fréttum,” segir Sturla.

## Af mörgu að taka

Sturla segir misjafna afkomu í ferðaþjónustu eitt þeirra mála sem þurfti að setja kraft í að finna lausn á þegar hann kom til starfa í samgönguráðuneytinu. „Eitt af fyrstu verkum mínum var því að skipa nefnd sem fór ofan í saumana á afkomu greinarinnar og skilaði í kjölfarið tillögum sem gætu bætt umhverfi hennar. Ýmsar af þeim tillögum hafa þegar komið til framkvæmda og í því sambandi nefni ég t.d. enn frekari eflingu upplýsingamiðstöðva og að gjöld á rútur og leigubíla voru lækkuð með það að markmiði að auðvelda endurnýjun þessara atvinnutækja. Fleira mætti nefna en auðvitað er afkoma greinarinnar eitthvað sem stöðugt þarf að vera til skoðunar þannig að bregðast megi við. Því þurfum við í ráðuneytinu að vera í góðu sambandi við greinina og hlusta vel eftir þörfum hennar.

Af öðrum verkefnum sem mér eru hug-

komið, því það er auðvitað ekki á færi okkar í ráðuneytinu. Við getum veitt stuðning og séð til þess að ytra umhverfi og aðstæður séu eins hagstæðar og frekast er kostur en eiginleg framkvæmd er hins vegar á hendi þeirra sem starfa innan greinarinnar,” segir Sturla.

Í þessu sambandi nefnir Sturla einnig að gæðamál hafi verið tekin til endurskoðunar, auknir styrkir hafi farið til landshlutasamtaka, gerðir hafi verið samningar um uppbyggingu gestastofa og upplýsingamiðstöðva og samningur við Hólaskóla um fjarkennslu á sviði ferðaþjónustu.

## Auknir fjármunir í ferðamálin

Frá árinu 1999 hafa stjórnvöld lagt áherslu á að veita aukna fjármuni í ferðamálin og þau framlög sem ráðuneytið hefur til úthlutunar í þennan málaflokk hafa vaxið úr 190 milljónum í 540 milljónir króna á tímabilinu. Þetta segir Sturla að sýni vel þá áherslu sem stjórnvöld leggi á landkynningarmál.

## Höfum markað skýrari stefnu

Mjög stórt atriði fyrir vöxt og viðgang ferðaþjónustunnar snýr að sögn Sturlu að því starfi sem ráðuneytið hefur unnið í að endurskipuleggja og marka skýrari stefnu í

samgöngumálum almennt. “Ef við lítum fyrst á ferjusiglingar þá var tekin ákvörðun um að skilgreina þá þjónustu upp á nýtt og bjóða ferjusiglingar út. Þetta hefur skilað mjög jákvæðri niðurstöðu því ekki aðeins hefur ríkið sparað verulega fjármuni heldur hefur þjónustan einnig batnað og ég bendi í því sambandi á auka tíðni í siglingum Herjólfss.

Svipað á við um flugið. Þar var einnig mörkuð skýrari stefna og flug til smærri staða boðið út með þeim formerkjum að ríkið er að veita verulega styrki á þessum leiðum. Við teljum afar mikilvægt, ekki síst fyrir ferðaþjónustuna, að halda uppi flugi til staða sem búa við erfiðar samgöngur að öðru leyti. Þarna má nefna norðanverða Vestfirði og norðausturhornið. Uppbygging Reykjavíkurflugvallar er afar stórt öryggismál en nú er einmitt verið að endurskoða hlutverk flugvallarins í tengslum við samræmda samgönguáætlun sem lögð verður fram í haust. Endurskipulagning sérleiðakerfisins er enn einn þátturinn af þessum sama meiði og hefur tekist að koma í veg fyrir algert hrun greinarinnar,” segir Sturla.

## Vegabætur eru umhverfismál

Umhverfismál eru að sögn Sturlu stór hluti af starfi ráðuneytisins og tengjast nánast öllum þeim málum sem það kemur að. „Við höfum lagt áherslu á að fá aukna fjármuni í endurbætur á fjölförnum ferðamannastöðum og þar hefur víða verið vel tekið til hendinni. Í þessu sambandi hefur ráðuneytið einnig virkjað Vegagerðina til samstarfs, svo sem við gerð áningarstaða og í

**Hvað viltu vita um íslenska ferðaþjónustu?**

**Þú finnur það á  
www.ferdamalarad.is**

upplýsingagjöf. Framlög til vegamála hafa aukist verulega á undanförunum árum og vegabætur koma sér afar vel fyrir ferðaþjónustuna. Einnig má segja að allar endurbætur á vegakerfinu séu stórt umhverfismál. Betri vegir hafa jákvæð áhrif í þá átt að minnka útblástur frá bifreiðum og draga þar með úr losun gróðurhúsalofttegunda.“

### Leggja áherslu á sérstöðu hvers svæðis

Sturla bendir á að alltaf sé nauðsynlegt að skoða saman innviði ferðaþjónustunnar og markaðsaðgerðir. Samstarf við greinina sjálfa sé einnig afar mikilvægt og það samband hafi ráðuneytið að hans mati ræktað vel. „Stofnun Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) var að mínu viti framfaraspor því nú eru hagsmunaaðilar innan greinarinnar saman komnir undir einum hatti sem auðveldar mjög allt samstarf okkar. Það hefur líka sýnt sig að SAF eru öflug samtök með skýr markmið. Uppbygging ferðamálasamtaka landshlutanna og stuðningur við þau er einnig mikilvægur. Þetta eru þeir aðilar sem eru stöðugt á vaktinni og í bestu aðstöðunni til að taka púlsinn á hverjum stað. Ég hef því lagt mikla áherslu á aukið samstarf ráðuneytisins og landshlutasamtakanna. Eitt meginmarkmiðið í uppbyggingu ferðaþjónustu hlýtur að vera að tryggja vöxt og viðgang hennar um allt land og því leggjum við áherslu á að fólk ferðist sem víðast um landið. Hins vegar hlýtur jafnframt að þurfa að leggja nokkuð ólíkar

áherslur eftir landssvæðum. Því þurfum við, í samstarfi við háskóla og fleiri aðila, að beita okkur fyrir auknum rannsóknum á kostum hvers svæðis. Þannig getum við auðveldað þeim sem vilja starfrækja ferðaþjónustu að fóta sig.“

### Hef gaman af að ferðast

En skyldi ráðherrann ekki vera orðinn þreyttur á þeim ferðalögum sem óhá-

kvæmilega fylgja starfinu? „Í þessu starfi er algert skilyrði að hafa gaman af því að ferðast. Þannig er því farið með mig og því má segja að það hittist vel á. Ég tel mig raunar afar lánsaman að hafa í tengslum við starfið fengið tækifæri til að fara svo víða um landið okkar. Þannig hef ég kynnst töfrum þess enn betur og styrkt tengslin við fólkíð sem hér býr,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra að lokum.

## Könnun meðal erlendra gesta

**Niðurstöður úr könnun Ferðamálaráðs meðal erlendra gesta fyrir tímabilið september 2001 til ágúst 2002 liggja nú fyrir. Hún náði til 5.000 svarenda en eins og áður er um að ræða brottfararkönnun í Leifsstöð og á Seyðisfirði.**

„Könnunin nýtist öllum sem þurfa á upplýsingum að halda um síbreytilegan markað ferðamanna á Íslandi. Með henni er fyrst og fremst leitast við að öðlast heildarsýn yfir þá ferðamenn sem hingað



Langflestir telja staðhæfingar í tengslum við hreinleika og sérstöðu íslenskrar náttúru lýsa landinu best. Frá Bláa lóninu.

sækja, hvað laðar fólk til Íslands, eftir hverju sækjast erlendir ferðamenn, hver er ferðahegðun þeirra, hve miklu eyða þeir og hver eru viðhorf þeirra,“ segir Oddný Þóra Óladóttir, verkefnastjóri hjá Ferðamálaráði.

Margt athyglisvert kemur fram í nýjum niðurstöðum. Meðal annars má sjá að veraldarvefurinn heldur áfram að vaxa sem upplýsingamiðill, ákvarðanaferlið að Íslandsferð virðist vera að stytta, ráðstefnugestum yfir sumartímamann fjölgar hlutfallslega og langflestir telja staðhæfingar í tengslum við hreinleika og sérstöðu íslenskrar náttúru lýsa landinu best. Þeirrar nýbreytni gætir að nú má greina eftir landshlutum hvaða afþreyingu, ferðamáta og gístmáta svarendur nýta sér. Hægt verður að fræðast nánar um könnunina á [www.ferdamalarad.is](http://www.ferdamalarad.is)

## Víða unnið að úrbótum í umhverfismálum

Á síðustu árum hefur sífellt meira fé verið varið til úrbóta í umhverfismálum á fjölsóttum ferðamannastöðum. Valur Þór Hilmarsson, umhverfisfulltrúi Ferðamálaráðs, segir þetta vissulega jákvæða þróun enda ljóst að verkefnið séu ærin.

Í ár er verið að vinna að úrbótum við Barnafoss, Surtshelli, Dritvík og Djúpalónsand, Grábrók, Goðafoss, Hengifoss, Lakasvæðið, Skógafoss, Gjána í Þjórsárdal og Gullfoss. Áætlaður kostnaður við þessar framkvæmdir er 55 milljónir króna. Sem sjá má hefur verið unnið að úrbótum um land allt og segist Valur telja að ekki sé hægt að segja að eitthvert ákveðið svæði landsins hafi orðið útundan.

„Að auki er nú unnið að því að koma upp bekkjum á nokkrum stöðum þar sem framkvæmdum er lokið. Þá er áhugi fyrir því að efna til samstarfs við Náttúruvernd ríkisins um aðgerðir til að koma umferð hestamanna um hálendið í skikkanlegra

horf en nú er með því að merkja ákveðnar leiðir, koma upp gerðum á nokkrum stöðum o.s.frv.“ segir Valur.

### Auka þyrfti fjárveitingu til styrkja

Styrkir hafa einnig verið veittir til einstaklinga, félagsamtaka, sveitarfélaga, áhugamannahópa og fleiri sem vinna að úrbótum á aðgengi ferðamanna um landið jafnframt því að stuðla að náttúruvernd. Á þessu ári voru 6 milljónir veittar til styrkja en heildarupphæð styrkbeiðna hljóðaði upp á ríflega 103 milljónir. „Af þessum 103 milljónum voru a.m.k. 85-90 milljónir sem féllu að þeim viðmiðunarreglum sem farið er eftir við úthlutun styrkja og því fengu margir neikvætt

svar frá Ferðamálaráði þó svo að verkefni þeirra væru áhugaverð og þörf. Það er því ljóst að verulega þyrfti að auka fjárveitingu til styrkja og að mínu mati er því fé sem varið er til styrkja vel varið þar sem styrkþegar leggja fram á móti bæði fé og vinnu,“ segir Valur.



Í sumar var m.a. unnið að úrbótum við Hengifoss í Fljótsdal. Útbúið var bílastæði, komið upp salernisaðstöðu og gönguleiðin að fossinum stórbætt.

# Finn kraftinn sem býr í greininni

- segir Einar K. Guðfinnsson, formaður Ferðamálaráðs

Síðastliðið vor urðu formannsskipti í Ferðamálaráði þegar Einar K. Guðfinnsson tók við af Tómasi Inga Olrich í kjölfar ráðherradóms þess síðarnefnda. Einar kom þá nýr inn í ráðið en hafði áður haft talsverð kynni af málaflokknum, m.a. sem formaður samgöngunefndar Alþingis. Í stuttu spjalli sem FERÐAFRÉTTIR áttu við Einar kemur fram að hann er bjartsýnn fyrir hönd greinarinnar en segir ljóst að ærin verkefni séu framundan.

„Þessir mánuðir sem ég hef gegnt formennsku í Ferðamálaráði hafa verið afskaplega skemmtilegur tími. Ferðaþjónustan er umsvifamikil og margbreytileg atvinnugrein og þetta er meira starf en ég gerði mér í hugarlund fyrirfram en ég syrgi það svo sannarlega ekki. Þvert á móti hef ég notið verkefnanna,“ segir Einar.

## Mikill kraftur býr í greininni

Einar segir að í sínum huga sé mikilvægt að efla tengsl Ferðamálaráðs við greinina sjálfa. Liður í því er röð funda um allt land sem stjórn Ferðamálasamtaka Íslands og Ferðamálaráð standa að í sameiningu, í samvinnu við ferðamálasamtökin á hverjum stað. Þegar er búið að halda 7 slíka fundi og segir Einar stefnt á að ljúka fundaröðinni seinna í vetur. „Það hefur verið afskaplega ánægjulegt að finna kraftinn sem býr í greininni og e.t.v. má segja að í ferðaþjónustu birtist einkaframtakið í sinni bestu mynd. Þar starfar fólk sem oft á tíðum hef-

ur lagt mikið undir og stundum er sagt að það þurfi blöndu af viðskiptáhuga og hugsjónamennsku til að fara út í ferðaþjónustu. Á þessum fundum hefur komið fram að það eru gríðarlega margar hugmyndir í gangi sem hægt er að vinna úr.“

## Aukin arðsemi stóra verkefnið

Helsta vandamálið sem ferðaþjónustan stendur frami fyrir segir Einar að sé afkoma greinarinnar. „Stóra verkefnið sem við þurfum að leysa er að auka arðsemi í ferðaþjónustu. Til að það sé mögulegt er ljóst að við þurfum að lengja ferðamannatímamann og auka þannig nýtingu þeirra fjárfestinga sem eru til staðar. Sérstaklega brennur staðan á landsbyggðinni á mér því lengri ferðamannatími hefur einkum og sér í lagi skilað sér inn á Reykjavíkursvæðið. En ég veit svo sem að þar er hægara um að tala en í að komast. Ríkið hefur upp á síðkastið komið meira til liðs við greinina með stórauknum markaðsaðgerðum sem skilað hafa áþreifanlegum árangri. Samdráttur sem varð á síðasta ári

sýndi nauðsyn þess að við höldum vel á spöðunum og með markvissum aðgerðum náðum við að snúa vörn í markaðssókn.“

## Höfum sameiginlegra hagsmuna að gæta

Einar segist sannfærður um að greinin eigi mikla framtíð fyrir sér. Sem ferðamanna-



Einar K. Guðfinnsson ásamt formönnum ferðamálaráða hinna Norðurlandanna að afloknum fundi þeirra í Reykjavík í síðasta mánuði. Talið frá vinstri: Lars Carmen, Svíþjóð; Einar K. Guðfinnsson; Bjarne Eklund, Danmörku og Bo Goran Eriksson, Finnlandi. Formaður norska ferðamálaráðsins átti ekki heimangengt.

land hafi Ísland margt að bjóða sem aðrir hafa ekki og þar fléttast saman tvær meginstoðir, náttúran og sagan. „Við höfum mörg tækifæri til að láta til okkar taka en verðum jafnframt að gera okkur grein fyrir að við erum í samkeppni við önnur lönd. Þegar öllu er á botninn hvolft er ljóst að allir hafa sömu hagsmuna að gæta, stórir ferðaþjónustuaðilar sem smáir, þ.e. að ná fleiri ferðamönnum til landsins og fá þá til að skilja sem mest eftir sig. Jafnframt þurfum við að gera Íslendingum sjálfum betur grein fyrir kostum landsins sem ferðamannalands. Þar hefur orðið mikil breyting síðustu árin með stórbættri þjónustu á ýmsum sviðum, betra vegakerfi o.s.frv. Ég hitti m.a. mann á Vestnorden ferðakaupstefnunni á dögunum sem hafði síðast ferðast um landið fyrir 10 árum en lagði land undir fót nú í sumar hér á landi. Hann sagði að bylting hefði orðið í framboði af afþreyingu, vitund vegna umhverfisins og fagmennsku í greininni á þessum tíu árum og er ekki gjarnan sagt að glögg sé gests augað? Mér finnst við sjálf hafa af miklu að státa og eitt er alveg víst að í ferðaþjónustunni þurfum við ekki að kvíða verkefnaskorti,“ segir Einar K. Guðfinnsson að lokum.

## Aukin umferð um icetourist.is

Heimsóknnum á landkynningarvef Ferðamálaráðs, www.icetourist.is, hefur fjölgað verulega frá því að nýr og endurbættur vefur var opnaður um miðjan apríl sl.

„Umferð um vefinn hefur verið stigvaxandi. Að jafnaði fáum við heimsóknir frá gestum ríflega 70 þjóðlanda í hverjum mánuði og þeir eru samtals að skoða um 200.000 síður á vefnum. Þetta er nærri þreföldun miðað sama tíma í fyrra,“ segir Halldór Arinbjarnarson, vefstjóri Ferðamálaráðs. Vefurinn er á 6 tungumálum og það sem gefur honum algera sérstöðu umfram aðra vefi sem kynna Ísland er sá viðamikli gagnagrunnur sem á honum er. Í



grunninum eru nú upplýsingar um vel á annað þúsund ferðaþjónustuaðila um allt land og geta notendur Internetsins leitað að þeirri tegund þjónustu sem þeir óska. Að sögn Halldórs er stöðugt unnið að endurbótum á framsetningu þessara upplýsinga þannig að þær nýtist ferðamönnum sem best.

# Aukning frá stærsta markaðs- svæði íslenskrar ferðaþjónustu

„Í raun get ég ekki annað en verið ánægður með þróunina síðustu mánuði. Þýski markaðurinn er stærsti ferðamarkaður í heimi og hér varð ekki samdráttur á síðasta ári. Þvert á móti náðum við aukningu hjá nánast öllum söluaðilum Íslandsferða, þrátt fyrir að um væri að ræða almennan samdrátt á þessum markaði og víðar um allt að 20%. Mikil aukning var t.a.m. frá Frakklandi sem er mikið ánægjufni," segir Haukur Birgisson, forstöðumaður skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands í Frankfurt.

Skrifstofan sinnir allri Mið-Evrópu, sem er stærsta markaðssvæði íslenskrar ferðaþjónustu með um 1/3 af öllum ferðamönnum sem til landsins koma.

Að sögn Hauks má í grófum dráttum skipta markaðsaðgerðum skrifstofunnar í þrennt, þ.e. sýningahald, internetið og það sem kalla má beinar markaðsaðgerðir svo sem auglýsingar og samskipti við fjölmiðla. „Við höfum heldur dregið úr þátttöku á sýningum en sett aukna fjármuni í hina þættina, sem við teljum að skili okkur betri árangri við núverandi aðstæður.“ Ný vef-

síða, www.icetourist.de var opnuð fyrr á árinu og nýlega bættist síða fyrir Frakkland við, www.icetourist.de/islande. Haukur nefnir einnig vel heppnuð fjölmiðlaverkefni og auglýsingaherferðir þar sem tekið er höndum saman með fleiri aðilum, svo sem Flugleiðum. „Við höfum verið með markvissa kynningu á hvata- og ráðstefnuferðum og þá má ekki gleyma beinu flugi þýska flugfélagsins LTU til Egilsstaða í sumar þar sem við lögðum lóð okkar á vogarskálina.“

## Mikið álag í sumar

Á skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands í Frankfurt eru fjórir starfsmenn í rúmlega þremur stöðugildum. Nú í sumar voru verkefni skrifstofunnar í París færð til Frankfurt sem Haukur segir hafa skapað mikið álag um tíma. „Fyrsta mál á dagskrá var að hafa alla grunnþjónustu í lagi á meginlandinu, svo sem að svara fyrirspurnum og að fólk fái það efni sem það biður um.“

## Þróun og horfur

Í sambandi við þróun og horfur hefur Haukur vissar áhyggjur af verðþróun á ferðaþjónustu og harðnandi verðsam-



Haukur kynningu Ísland á Vestnorden ferðakaupstefnu nú fyrir skömmu.

keppni. „Við höfum t.a.m fundið fyrir því að fyrirspurnum fjölgar en fólk er að bera saman verð og gæði við aðra áfangastaði. Því þarf að fara mjög varlega í verðhækkunir og leggja ríka áherslu á að auka gæði. Hér á ég við upplýsingar, þjónustu, öryggisþáttinn, mat og annað sem því fylgir.“

Hvað varðar starfið framundan leggur Haukur áherslu á að hlúa verði vel að þeim aðilum sem selja hinar hefðbundnu Íslandsferðir yfir sumartímann. „Vissulega er einnig mikilvægt að ná aukningu utan háanna-tímans en þar er um að ræða aðra söluaðila og annan markað. Almennt má segja að við séum tilbúin til samstarfs við hvern þann sem hefur hug á að kynna Ísland. Við erum til þjónustu reiðubúin eins og sagt er,“ segir Haukur að lokum.

# Bjartara framundan í Bandaríkjunum

Í framhaldi af árásinni á New York fyrir rétt rúmu ári urðu verulegar breytingar á ferðamynstri almennings í Bandaríkjunum og samdráttur í nánast öllum þáttum ferðaþjónustu. Flugfélög sem sérhæfa sig í Atlantshafsflugi hafa orðið hvað harðast úti í baráttunni og þótt aðgerðir þeirra í þá átt að fækka ferðum hafi náð að laga stöðuna að hluta til er staða þeirra samt slæm. Við þetta bættist að þegar leið fram á þetta ár versnaði efnahagur landsins enn frekar af ýmsum ástæðum.

Að sögn Einars Gústavssonar, forstöðumanns skrifstofu Ferðamálaráðs í New York, getur Ísland ágætlega við unað miðað við aðstæður. „Þegar árásin var gerð í september í fyrra höfðum við náð 8% aukningu í ferðum Bandaríkjamanna til Íslands fyrstu 8 mánuðina og töldum okkur vera að ljúka 10. árinu í röð með aukningu. Síðasti ársfjórðungur sýndi hins vegar 30% samdrátt þannig að útkoman endaði í mínus í árslok. Flugleiðir, eins og aðrir, vörðu sig frekari skakkaföllum með

því að draga verulega saman flug á Atlantshafsleiðum og er þetta fyrst og fremst ástæða fækkunar Bandaríkjamanna til landsins á þessu ári. Sætaframboð til Íslands frá Bandaríkjunum hefur minnkað nálægt 20% frá fyrra ári en þrátt fyrir það hefur Bandaríkjamönnum ekki fækkað nema 14% fyrstu 8 mánuðina. Einnig er ljóst að markaðshlutfall okkar er að aukast þegar borið er saman við samkeppnisaðilana,“ segir Einar.



Að sögn Einars Gústavssonar er Ísland mjög áberandi í fjölmiðlum í Bandaríkjunum, landið er „HOT“ eins og sagt er.

## Skjót viðbrögð skiluðu árangri

Hann segist telja að þetta megi fyrst og fremst þakka snörpum viðbrögðum Íslenskra stjórnvalda. „Samgönguráðherra

brást skjótt við og lagði fram verulegar fjárhæðir til markaðsaðgerða, til að forða enn frekari vát frá dyrum og til að verja þá markaði sem hafa verið byggðir upp á síðustu árum. Hefði ekkert verið gert væri staðan allt önnur og mun alvarlegri en hún er í dag.“

## Bjartara framundan

Spár sérfræðinga gera að sögn Einars ráð fyrir að Bandaríkjamarkaður verði kominn á gott skrið innan sex mánaða, þótt enn séu ýmsir óvissuþættir. „Ísland er orðið mjög áberandi í fjölmiðlum í Bandaríkjunum, landið er „HOT“ eins og sagt er og markaðshlutfall okkar er að aukast jafnt og þétt. Okkur hefur tekist að byggja þennan markað upp og gera hann einn þann besta sem við eigum í ferðaþjónustunni. Ég tel okkur áfram eiga mikla möguleika og að Bandaríkjamarkaður eigi eftir að skila okkur frábærum árangri í framtíðinni“ segir Einar.

## Ferðatorg

Síðastliðið vor stóðu Ferðamálasamtök Íslands í samvinnu við Ferðamálaráð að sýningunni Ferðatorg 2002 í Smáralind. Markmiðið var að efla áhuga fólks á ferðalögum innanlands. Vel þótti takast til og líkur eru á að leikurinn verði endurtekinn næsta vor.

## Handbók 2003

Handbók Ferðamálaráðs, „Ísland“, er nú í vinnslu. Verið er að uppfæra gagnagrunn Ferðamálaráðs sem bókin byggir á en hann er jafnframt aðgengilegur á www.icetourist.is undir „Yellow pages“. Grunnurinn geymir nú upplýsingar um vel á annað þúsund ferðaþjónustuaðila sem birtast allir í bókinni. Handbókin mun koma út í desember og er enn tækifæri til að skrá sig en það er ferðaþjónustuaðilum að kostnaðarlausu. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 461-2915 eða í netfanginu upplýsingar@icetourist.is

## Uppsveifla í ráðstefnuhaldi

Ráðstefnuskrifstofa Íslands (RSI) fagnaði 10 ára afmæli sínu fyrr á árinu og stóð af því tilefni fyrir fjölmennum fundi þar sem framtíð ráðstefnuhalds á Íslandi var í brennidepli. Að sögn Rósbjargar Jónsdóttur, verkefnisstjóra, er ljóst að samkomulag um byggingu ráðstefnu- og tónlistarhúss í Reykjavík er afar mikilvægt í þessu tilliti.

Af öðrum verkefnum RSI má nefna endurútgáfu á handbókinni „Ráðstefnan heim“, sem auðveldar á væntanlegum ráðstefnugestgjöfum þá framkvæmd og skipulagningu sem til þarf þegar boðað er til ráðstefnu. Í vor var einnig opnaður nýr íslenskur vefur, www.radstefnu-skrifstofa.is, sem ætlaður er væntanlegur um íslenskum ráðstefnugestgjöfum. Árið í ár hefur verið mjög annasamt hjá þeim sem standa að ráðstefnum og er áætlað að heildarfjöldi ráðstefnugesta meðal skipuleggjenda RSI verði hátt í 14.000, sem er veruleg aukning frá fyrra ári og næst mesti fjöldi frá stofnun skrifstofunnar.

Í desember 2003 mun SITE (The Society of Incentive and Travel Executives), alþjóðlegt fagfélag þeirra sem koma að hvataferðum, halda árlega ráðstefnu sína í Reykjavík. „Hér er um að ræða gullið tækifæri fyrir okkur að sýna og sanna hvað við höfum upp á að bjóða sem ákjósanlegur áfangastaður til móttöku hvataferða,“ segir Rósbjörg.



Fréttabréf Ferðamálaráðs Íslands,  
1. tbl. október 2002  
Ábm.: Magnús Oddsson  
Ljósmyndir: Ferðamálaráð,  
Haukur Snorrason og Randall Hyman.

Prentvinnsla: Alprent, Akureyri  
Heimilt er að nota efni fréttabréfsins,  
þó þannig að heimilda sé getið.  
www.ferdamalarad.is  
- www.icetourist.is

Aðalfundur Ferðamálaráðs Norðurlandanna í Reykjavík:

# Framhald samstarfs í Bandaríkjunum tryggt

Aðalfundur Ferðamálaráðs Norðurlandanna var haldinn í Reykjavík dagana 5.-6. september sl. Að sögn Magnúsar Oddssonar ferðamálastjóra tókst fundurinn vel í alla staði og skilaði góðri niðurstöðu.

„Til að byrja með var farið yfir hefðbundin mál þar sem hvert land byrjaði á því að gera grein fyrir þróuninni hjá sér, helstu breytingum, nýjungum o.s.frv. Að því loknu var farið yfir ýmis sameiginleg mál, svo sem afstöðu til mála innan Ferðamálaráðs Evrópu en þar koma Norðurlöndin gjarnan fram sameiginlega og mynda ákveðna heild,“ segir Magnús.

## Framhald samstarfs í Bandaríkjunum

Meginefni fundarins var framhald á hinu mikilvæga samstarfi sem Ísland, Danmörk, Svíþjóð, Noregur og Finnland hafa með sér í kynningarmálum í Bandaríkjunum en þar reka þau saman fyrirtækið Scandinavian Tourism Inc. til að sinna sameiginlegum markaðsmálum og fleiri þáttum sem löndin hafa talið hagkvæmt að leysa í sameiningu. „Fyrir fundinn voru komnir ákveðnir brest-



Ferðamálastjórar Norðurlandanna að loknum fundinum í Reykjavík. Talið frá vinstri: Jaakko Lehtonen, Finnlandi; Magnús Oddsson; Lars Sandahl Sorensen, Danmörku og Sven Erik Oversen, Noregi. Á myndina vantar Svían Karl Erik Strand.

ir í þetta samstarf og það voru einkum Svíar sem voru með efasemdir um að samstarfið væri hagkvæmt fyrir þá. Á fundinum þróuðust mál hins vegar á þann veg að ákveðið var að halda samstarfinu áfram með öll löndin 5 innanborðs. Jafnframt var ákveðið að gera ákveðnar breytingar til hagræðingar í rekstri. Ég tel að þetta hafi verið afar góð niðurstaða og það fóru allir sáttir af fundinum,“ segir Magús.

## Skrifstofa opnuð í Kaupmannahöfn

Fyrir rúmu ári Ferðamálaráð ákvörðun um ákveðnar breytingar á rekstrinum erlendis. Hún fól í sér að stefnt skyldi að uppbyggingu þriggja öflugra skrifstofa á erlendri grund.

Skrifstofurnar sem um ræðir eru í New York til að sinna Norður-Ameríku, í Frankfurt til að sinna Mið-Evrópu, en á báðum þessum stöðum eru skrifstofur fyrir, og loks var ákveðið að opna skrifstofu í Kaupmannahöfn til að sinna Norðurlöndunum. Ákvörðunin leiddi m.a. til þess að skrifstofu Ferðamálaráðs í París var lokað en verkefni hennar flutt til skrifstofunnar í Frankfurt og hún eflað.

## Samstarf við Færeyjar og Grænland

Áætlanir gera ráð fyrir að skrifstofan í Kaupmannahöfn verði opnuð í nóvember á næsta ári en nákvæm tímasetning ræðst af því hvenær húsnæði það sem hýsa mun skrifstofuna verður tilbúið. Þar verða einnig skrifstofur ferðamálaráða Færeyja og Grænlands. Í undirbúningi er að löndin þrjú stofni sameiginlegt fyrirtæki til að sinna upplýsingagjöf, dreifingu á bæklingum og fleiru sem hagkvæmt er talið, hliðstætt Scandinavian Tourism Inc. sem ferðamálaráð Norðurlandanna reka saman í New York. Ferðamálaráð hvers lands um sig munu samt reka eigin skrifstofu í húsinu sem fyrr segir.